

Ársskýrsla 2023

Heilbrigðiseftirlit Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
Heilbrigðiseftirlit Austurlands



Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	2
1.1	STJÓRNSÝSLULEG SKIPAN	2
1.2	SKAMMSTAFANIR.....	2
2	HEILBRIGÐISNEFND	3
2.1	STARF HEILBRIGÐISNEFNDAR AUSTURLANDS	4
3	FJÁRMÁL OG REKSTUR	5
4	STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2023	6
4.1	STARFSMENN OG AÐSETUR	6
4.2	SAMSTARFSFUNDIR OG ENDURMENNTUN	6
5	STARFSEMI HAUST 2023	8
5.1	ÚTGEFIN STARFSLEYFI ÁRIÐ 2023	9
5.2	EFTIRLIT ÁRSINS.....	9
5.3	SÝNATAKA.....	10
5.4	TÓBAKSSÖLULEYFI.....	11
5.5	KVARTANIR OG ÁBENDINGAR.....	11
6	MATVÆLAEFTIRLIT 2023	13
6.1	NIÐURSTÖÐUR SÝNATÖKU	13
6.2	MATVÆLAHÓPUR	15
7	HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2023	16
7.1	GISTISTAÐIR	16
7.2	SKIPASKOÐANIR.....	17
7.3	SUND- OG BAÐSTAÐIR	17
7.4	HOLLUSTUHÁTTAHÓPUR	18
8	MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2023	19
8.1	UMHVERFISGÆÐAHÓPUR	19
9	LOKAORÐ	20



1 INNGANGUR

Hér gefur að líta samantekt um starfsemi Heilbrigðiseftirlits Austurlands árið 2022. Ársskýrslan, sem er eingöngu gefin út rafrænt, er send öllum sveitarfélögum á starfssvæði HAUST og helstu samstarfsstofnunum. Auk þess er ársskýrslan aðgengileg á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands, www.haust.is, ásamt fyrri ársskýrslum HAUST.

1.1 Stjórnábylgjuleg skipan

Heilbrigðiseftirlit Austurlands er eitt 9 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfrækt eru á vegum sveitarfélaga á Íslandi, en samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Að Heilbrigðiseftirliti Austurlands standa fimm sveitarfélög, það eru Vopnafjörður, Múlaþing, Fljótsdalshreppur, Fjarðabyggð og sveitarfélagið Hornafjörður. Árið 1998 stofnuðu sveitarfélögin á svæðinu byggðasamlag um rekstur heilbrigðiseftirlits og er stjórn byggðasamlagsins jafnframt heilbrigðisnefnd svæðisins.

1.2 Skammstafanir

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í skýrslunni:

Heilbrigðiseftirlit Austurlands	HAUST
Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna	HES
Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða	SHÍ
Samtök sveitarfélaga á Austurlandi	SSA
Matvælastofnun	MAST
Umhverfisstofnun	UST
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	UAR



2 HEILBRIGÐISNEFND

Fulltrúar í heilbrigðisnefnd, sem einnig mynda stjórn byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands, eru kosnir til fjögurra ára í senn á fyrsta aðalfundi HAUST eftir sveitarstjórnarkosningar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar sveitarfélaganna, einn fulltrúi náttúruverndarnefnda og einn fulltrúi frá samtökum atvinnurekanda.

Ný heilbrigðisnefnd var kosin á aðalfundi byggðarsamlags um heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis þann 26. október 2022.

Formaður:	Stefán Þór Eysteinnsson, Fjarðabyggð
Varaformaður:	Jónína Brynjólfsdóttir, Múlaþingi Anna Ragnarsdóttir Pedersen, Hornafjörður Helgi Hlynur Ásgrímsson, Múlaþingi Sandra Konráðsdóttir, Vopnafirði
Fulltrúi atvinnurekanda:	Benedikt Jóhannsson, Fjarðabyggð
Fulltrúi náttúruverndarnefnda:	Kristín Ágústsdóttir, Fjarðabyggð
Varamenn:	Þuríður Lillý Sigurðardóttir, Fjarðabyggð Jóhann Hjalti Þorsteinsson, Múlaþingi Þórhallur Borgarsson, Múlaþingi Janine Arens, Hornafjörður Guðni Jónsson, Fljótsdalshreppi
F.h. atvinnurekanda:	Auður Anna Ingólfisdóttir
F.h. náttúruverndarnefnda:	Gunnhildur Imsland, Hornafirði



2.1 Starf Heilbrigðisnefndar Austurlands

Heilbrigðisnefnd fundar að jafnaði sex sinnum á ári. Flestir fundir nefndarinnar eru fjarfundir enda langt á milli nefndarmanna. Nefndin reynir þó að hittast reglulega til að funda auk aðalfundar. Á árinu 2023 voru haldnir sex fundir í heilbrigðisnefnd og hittist nefndin á Fáskrúðsfirði í júní og á Egilsstöðum í október. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs. var haldinn á Reyðarfirði. Allar fundargerðir heilbrigðisnefndar og fundargerð aðalfundar eru aðgengilegar á vefsíðu HAUST.

Fundir Heilbrigðisnefndar Austurlands á árinu 2023 voru sem hér segir:

19. janúar	16. mars
15. júní	7. september
5. október	7. desember



Mynd 1. Heilbrigðisnefnd á Fáskrúðsfirði. F.v. Benedikt Jóhannsson, Anna Ragnarsdóttir Pedersen, Kristjana Sigurðardóttir, Jónína Brynjólfsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Stefán Þór Eysteinnsson.




3 FJÁRMÁL OG REKSTUR

Heildarframlög sveitarfélaganna til HAUST eru tvenns konar. Annars vegar áætlaðar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi í hverju sveitarfélagi og hins vegar íbúafraglag, bein gjöld sveitarfélaga skv. íbúafjölda næstliðins árs. Sveitarfélög greiða framlög til HAUST með mánaðarlegum greiðslum og annast innheimtu eftirlitsgjalda. Á aðalfundi byggðasamlags um heilbrigðiseftirlit á Austurlandssvæði var ákveðið að íbúafraglag sveitarfélaganna yrði 25% annað árið í röð, í stað 30%.

Rekstur byggðasamlags um heilbrigðiseftirlit á Austurlandssvæði hefur verið stöðugur undanfarin ár. Rekstrarniðurstaða á árinu 2022 var jákvæð um 1,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá niðurstöður ársreiknings fyrir árið 2022 og fjárhagsáætlun fyrir sama ár.

Tafla 1. Rekstrarniðurstaða 2022

	Niðurstaða ársreiknings 2022	Fjárhagsáætlun 2022
Tekjur	90.016.497	89.866.448
Gjöld	88.185.946	92.150.488
Niðurstaða	1.861.348	-2.284.040



Mynd 2. Hlutfallsleg skipting kostnaðar HAUST skv. ársreikningi 2022.



4 STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2023

4.1 Starfsmenn og aðsetur

Heilbrigðisfulltrúar starfa í umboði heilbrigðisnefndar og er ætlað að framfylgja ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og matvælalaga nr. 93/1995. Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi. Matvælalög taka til framleiðslu og dreifingar matvæla á öllum stigum og er tilgangur laganna að tryggja gæði, öryggi og hollustu matvæla eftir því sem kostur er og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi.

Alls störfuðu sjö starfsmenn hjá HAUST í 5 stöðugildum á árinu 2023. Starfsmenn HAUST eru með aðsetur á þremur stöðum í umdæminu, á Egilsstöðum, Djúpavogi og á Höfn.

Þrír nýir starfsmenn hófu störf hjá HAUST á árinu. Kjartan Róbertsson, B.Sc í byggingafræði, hóf störf um áramót og sinnti eftirliti og sýnatöku á mengunarsviði. Maja Karlović, M.Sc. í næringarfræði, var ráðin til starfa í maí til að sinna eftirliti og sýnatöku á matvæla og hollustuháttasviði. Þór Albertsson nemi í matvælafræði var ráðinn í sumarstarf til að aðstoða við eftirlit og sýnatöku.

Tafla 2. Starfsmenn HAUST á árinu 2023 voru eftirfarandi:

Starfsmaður	Stöðugildi	Aðsetur
Borgþór Freysteinnsson mjólkurfræðingur	40% stöðugildi.	Hafnarbraut 27, 780 Höfn
Elínborg Sædis Pálsdóttir M.Sc í líffræði og heilbrigðisfulltrúi	90% stöðugildi	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir
Kjartan Róbertsson B.Sc í byggingafræði	100% stöðugildi	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir
Lára Guðmundsdóttir M.Sc. í auðlindafræði og B.Sc í umhverfisfræði og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi, framkvæmdastjóri	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir
Maja Karlović M.Sc. í næringarfræði og B.Sc. í matvælafræði	100% stöðugildi frá maí	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir
Ólöf Vilbergsdóttir M.Sc. í umhverfisverndun og -stjórnun og B.Sc. í umhverfisfræðum og heilbrigðisfulltrúi	90% stöðugildi	Bakki 1, 765 Djúpivogur
Þór Albertsson Nemi í næringarfræði	Sumarstarf	Tjarnarbraut 39b, 700 Egilsstaðir

4.2 Samstarfsfundir og endurmenntun

Heilbrigðisfulltrúum ber að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar varðandi starfið. Starfsmenn HAUST hafa sem fyrr verið duglegir að sækja þá fræðslu sem í boði er hverju sinni sem og að sækja samstarfsfundi samstarfsstofnana. Samstarf milli heilbrigðiseftirlitssvæða, við MAST og UST er mikilvægt m.t.t. samræmingar eftirlits og til að efla samstarf. Fundir eru haldnir alla jafna mánaðarlega með hverri stofnun fyrir sig. Framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi funda reglulega og hittast alla jafna einu sinni á ári. Vorfundur framkvæmdastjóra HES ásamt forstjórum Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar, fór fram á Flúðum. Á fundinum voru auk þess starfsmenn úr matvælaráðuneytinu og umhverfis,- orku- og loftslagsráðuneytinu.

Fulltrúi frá HAUST situr mánaðarlega samráðsfundi um matarsýkingar sem embætti landlæknis heldur. Á þeim fundi sitja heilbrigðisfulltrúar frá öllum heilbrigðiseftirlitssvæðum auk starfsmanna MAST. Á fundunum er farið yfir tilkynningar um matarborna sjúkdóma sem borist hafa og viðbrögð við þeim.



Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa fór í tveggja daga fræðsluferð í apríl til heilbrigðiseftirlitsins í Hässleholm í Svíþjóð. Heilbrigðisfulltrúi frá HAUST tók þátt og boðið var m.a. upp á kynningar á sænskri löggjöf, uppbyggingu heilbrigðiseftirlits í Svíþjóð og framkvæmd heilbrigðiseftirlits. Haldnar voru vinnustofur um hollustuháttaeftirlit, matvælaeftirlit og mengandi starfsemi ásamt því að farið var í vettvangsferð í skólphreinsistöð.

Haustfundur Samtaka Heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) var haldinn 31. október til 1. nóvember í Hafnarfirði. Þar var meðal annars kynnt niðurstaða stýrihóps um opinbert eftirlit ásamt því sem heilbrigðisfulltrúar kynntu ýmsar áskoranir úr eftirliti. Boðið var upp á vettvangsferð í Veitur og SHÍ bauð í glæsilegan kvöldverð í golfskálanum í Urriðadölum.

Fundir vegna eftirfylgniheimsóknar ESA sem sinnir úttektum fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA voru tíðir á fyrri hluta ársins. Meðal þeirra atriða sem farið var yfir voru athugasemdir sem gerðar voru við framkvæmd matvælaeftirlits með lifandi samlokum (þ.e. skeldýrum) og varnarefnum í grænmeti. Í nóvember hélt ESA síðan tveggja daga vinnustofu þar sem farið var yfir hvernig ætti að bregðast við frávikum eða athugasemdum sem gerðar eru við eftirlit stofnunarinnar.




Mynd 3. Ísmolar flokkast sem matvæli en of oft gleymist að sinna þrifum á klakavélum, mynd úr eftirliti.



5 STARFSEMI HAUST 2023

Hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er m.a. að gefa út starfsleyfi og hafa eftirlit með starfsemi starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Starfsemi HAUST má skipta upp í þrjú megin svið, hollustuháttasvið, mengunarvarnasvið og matvælasvið.




Mynd 4. Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva

Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva á starfssvæði HAUST var 1.400 árið 2023. Fyrirtækjum með starfsleyfi hjá HAUST hefur fækkað lítillega á milli ára, allt frá árinu 2018. Nánar verður fjallað um fjölda fyrirtækja með starfsleyfi síðar í skýrslunni.



5.1 Útgefin starfsleyfi árið 2023

Alls voru gefin út 105 starfsleyfi árið 2023 þar af 14 tímabundin starfsleyfi. Staðfestar voru 21 skráning skv. reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur, á árinu. Fjöldi útgefna og staðfesta leyfa var undir meðallagi undanfarinna 5 ára.



Mynd 5. Útgefin starfsleyfi 2019-2023.

5.2 Eftirlit ársins


Eftirlitsáætlun ársins fyrir reglubundið eftirlit gerði ráð fyrir að alls 917 starfsstöðvar yrðu heimsóttar á árinu. Heimsóttar voru 645 starfsstöðvar eða 73%. Árið 2022 var hlutfall reglubundins eftirlits 72%. Auk reglubundins eftirlits voru fyrirtæki heimsótt vegna úttekta í tengslum við starfsleyfisvinnslu, kvartana, eftirfylgni og vegna sýnatöku.



5.3 Sýnataka

Sýnataka er stór hluti af starfi heilbrigðisfulltrúa en líkt og undanfarin ár er mest tekið af neysluvatnssýnum. Auk neysluvatnssýna eru tekin sýni af baðvatni, matvælum og sýnum til að fylgjast með virkni fráveitukerfa. Tilgangur með sýnatöku er að ganga úr skugga um að kröfur sem fram koma í reglugerðum og starfsleyfum séu uppfylltar.

Á árinu 2023 tók Heilbrigðiseftirlit Austurlands alls 297 sýni og sendi til rannsóknar. Í upphafi árs er gerð áætlun um fjölda reglubundinna sýna sem taka á yfir árið. Miðað við þá áætlun voru tekin 82% af þeim sýnum gert var ráð fyrir að tekin yrðu á árinu. Nánar verður fjallað um sýnatöku og rannsóknarniðurstöður síðar í skýrslunni.




Mynd 6. Fjöldi sýna undanfarin 5 ár.



5.4 Tóbakssöluleyfi

Alls höfðu 29 sölustaðir leyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands til smásölu á tóbaki í árslok 2023. Tóbakssöluleyfi eru gefin út á grunni laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og gilda leyfin í fjögur ár frá útgáfudegi. Eftirlit með fyrirkomulagi tóbakssölu fer fram árlega, samhliða reglubundu eftirliti með viðkomandi starfsstöðvum. Á meðfylgjandi mynd sést fjöldi útgefinna tóbakssöluleyfa auk fjölda gilda leyfa á hverju ári.



Mynd 7. Fjöldi útgefinna tóbakssöluleyfa og fjöldi leyfa í gildi.

5.5 Kvartanir og ábendingar

Kvartanir og ábendingar sem berast Heilbrigðiseftirlitinu geta reynst mikilvægar fyrir viðbót við eftirlit. Árlega berast HAUST fjölmargar kvartanir og ábendingar um það sem betur má fara. Farið er með allar kvartanir og ábendingar sem berast heilbrigðiseftirlitinu sem trúnaðarmál og ekki er upplýst um hver það er sem kemur ábendingunni á framfæri, þrátt fyrir oft á tíðum mikinn þrýsting eftirlitsþega þar um. Bent er á að kvartanir eða ábendingar má senda á netfangið haust@haust.is eða í síma 474-1235.

Alls bárust 40 kvartanir og ábendingar á árinu 2023.

Kvartanir á matvælasviði eru sem fyrr ekki margar og voru þær fjórar líkt og undanfarin þrjú ár. Kvartanir sneru að meðferð matvæla og hættu á mengun matvæla. Ein kvörtun barst vegna neysluvatns í einkavatnsveitu en þar hafði þurrkur áhrif á gæði og heilnæmi neysluvatns.

Kvartanir sem bárust á sviði mengunar- og umhverfismála voru flestar vegna bifreiða, ýmist númerslausra eða vegna bíla sem skildir voru eftir í lengri tíma án heimildar lóðarhafa. Talsvert barst af kvörtunum vegna hávaða, óþrifnaðar eða mengunar frá atvinnustarfsemi. Þrjár kvartanir bárust vegna fráveitu, þar af tvær þar sem verktakar höfðu tekið í sundur klóaklagir án þess að gera viðeigandi ráðstafanir.

Á hollustuháttasviði bárust ábendingar um hárgreiðslu- og snyrtistofur sem voru starfandi án starfsleyfis. Þó nokkuð var um kvartanir sem tengdust leik- og grunnskólum, meðal annars vegna þrifa, bilaðrar loftræstingar og aðbúnaðar.

Tafla 3. Fjöldi kvartana síðastliðin fimm ár, skipt niður eftir sviðum.

	2019	2020	2021	2022	2023
Matvæli	4	7	4	4	4
Mengun/umhverfismál	16	20	11	11	16
Hollustuhættir	3	5	5	10	9
Aðrar kvartanir	14	19	5	17	11
Alls	37	51	25	42	40



Mynd 8. Matvælageymsla, mynd úr eftirliti.



6 MATVÆLAEFTIRLIT 2023

Starfsemi matvælafyrirtækja er starfsleyfis skyld skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli. Markmið og tilgangur matvælagana er að tryggja gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Matvælafyrirtæki á eftirlitsskrá HAUST voru 418 í árslok 2023 og heldur áfram að fjölga lítillega á milli ára. Skiptingu fyrirtækjanna má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.

Tafla 4. Fjöldi matvælafyrirtækja á eftirlitsskrá HAUST undanfarin 5 ár, skipt niður eftir sviðum.

Flokkur	2019	2020	2021	2022	2023
Stóreldhús	173	176	177	179	183
Vatnsveitur <150 íbúar	123	126	128	126	126
Vatnsveitur > 150 íbúar	20	20	19	19	19
Smásalar	41	39	40	38	40
Framleiðsla og pökkun	36	37	37	40	40
Önnur matvælafyrirtæki	9	9	9	10	10
Alls	402	407	410	412	418

Flest matvælafyrirtæki á starfssvæðinu eru sem fyrr stóreldhús, en í þann flokk falla m.a. veitingastaðir og mótuneyti. Vatnsveitur á svæðinu voru 145 í árslok 2022, þar af 126 litlar vatnsveitur sem þjóna 150 íbúum eða færri. Í flokk lítilla vatnsveitna falla til dæmis vatnsveitur sem þjóna ferðapjónustu í dreifbýli, kúabúum og annarri matvælaframleiðslu í dreifbýli.

Áhættumat gerir ráð fyrir að matvælafyrirtæki séu alla jafna heimsótt árlega en lítil matvælafyrirtæki eins og vatnsveitur með færri en 150 íbúa annað hvert ár. Stjórnendur matvælafyrirtækja bera ábyrgð á að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með starfseminni. Innra eftirlit tekur mið af eðli og umfangi starfseminnar. Sé litið til þeirra frávika sem hvað oftast eru skráð við eftirlit í matvælafyrirtæki þá tengjast þau gjarnan innra eftirliti.

6.1 Niðurstöður sýnatöku

Til þess að staðfesta að kröfur reglugerða um örveru- og efnafræðileg gæði matvæla séu uppfyllt eru tekin sýni og send til rannsókna á viðurkennda rannsóknarstofu.


Flest sýni sem HAUST tekur eru neysluvatnssýni en samtals eru tekin að jafnaði 200 matvælasýni árlega. Það eru, auk neysluvatnssýna, sýni af ís úr vél, sýni af ostum og grænmetissýni frá ræktendum á starfssvæði HAUST, þar sem skimað er fyrir varnarefnum.

6.1.1 Neysluvatn

Fjöldi árlegra sýna af neysluvatni vatnsveitna sem þjóna fleiri en 150 íbúum ræðst af gerð hvernar vatnsveitu og því hversu mörgum íbúum hún þjónar. Sé um að ræða vatnsveitur þar sem neysluvatn er sóttthreinsað með útfjólubláu ljósi eru tekin fleiri sýni en ella.

Hjá vatnsveitum sem þjóna fleiri en 500 íbúum og vatnsveitum þar sem vatnsnotkun fer yfir 100 m³ á dag miðað við ársmeðaltal, skal fara fram árlega svokölluð heildarúttekt á neysluvatninu. Í heildarúttekt er ástand neysluvatns skoðað með tilliti til efna-, eðlis- og örverufræðilegra þátta. Heildarúttekt var gerð hjá átta neysluvatnsveitum á árinu.


Nýjustu niðurstöður úr heildarúttektum vatnsveitna og reglubundnu eftirliti stærri vatnsveitna eru aðgengilegar á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands, www.haust.is



Mynd 9. Niðurstöður sýnatöku úr vatnsveitum sem þjóna fleiri en 150 íbúum

Gerðar eru kröfur um virkt og sýnilegt innra eftirlit hjá stærri vatnsveitum. Neysluvatn er skilgreint sem matvæli og fyrirtæki eða sveitarfélög sem reka vatnsveitur eru því skilgreind sem matvælafyrirtæki. Markmið vatnsveitna skal ávallt vera að tryggja aðgengi að hreinu og heilnæmu neysluvatni.

Af 49 sýnum sem tekin voru í reglubundnu eftirliti úr vatnsveitum sem þjóna 150 íbúum eða fleiri reyndust 90% standast gæðakröfur.




Mynd 10. Niðurstöður sýnatöku úr vatnsveitum sem þjóna færri en 150 íbúum

Af 69 sýnum sem tekin voru úr vatnsveitum sem þjóna færri en 150 íbúum eða stóðust 71% gæðaviðmið neysluvatnsreglugerðar. Algengara er að minni vatnsból sem rekin eru t.d. í tengslum við ferðaþjónustu standist ekki gæðakröfur neysluvatnsreglugerðar. Mengun í vatnsbólum er venjulega tengd yfirborðsvatni sem kemst í vatnsbólið, þurrkum eða lélegum frágangi kringum vatnsból. Eftirlit með minni vatnsveitum fer alla jafna fram annað hvert ár.



6.1.2 Ís úr vél

Sýnataka á ís úr vél er alla jafna áhugavert og oft á tíðum krefjandi verkefni fyrir heilbrigðisfulltrúa. Ís úr vél flokkast sem viðkvæm matvæli og þarf að vanda vel til verka ef koma á í veg fyrir að hráefnið spillist. Þeir sölustaðir sem selja ís úr vél eru undir árlegu eftirliti þar sem meðal annars er farið yfir verklag, tíðni og skráningar á þrifum. Síðan eru sýni tekin til rannsóknar sem sýna oftast en ekki ef að brotalöm er á verklagi söluaðila. Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður síðastliðins árs bornar saman við niðurstöður undanfarinna fjögurra ára.



Mynd 11. Ís úr vél, niðurstöður sýnatöku

Af þeim tíu sýnum sem tekin voru stóðust þrjú ekki gæðakröfur. Niðurstöður sýnatöku ársins fyrir ís úr vél voru þó nokkur vonbrigði þar sem sýnatökur fyrri ára bentu til agaðra vinnubragða við meðferð á ísblöndum. Nauðsynlegt er að fyrirtæki yfirfari verklag, innra eftirlit og hreinlæti. Aðeins með því móti má tryggja örugga vöru til neytenda.

6.2 Matvælahópur

Á vettvangi MAST og HES er starfræktur svokallaður matvælahópur en hann er skipaður fulltrúum frá öllum heilbrigðiseftirlitssvæðunum, auk sérfræðinga MAST. Markmið hópsins er að stuðla að samráði og samhæfingu milli MAST og HES og tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Hópurinn skipuleggur meðal annars sameiginleg átaksverkefni í matvælaeftirliti og fundaði reglulega á árinu 2023. Fara fundirnir fram á TEAMS en hópurinn hittist einu sinni á snertifundi, þann 31. október, í starfstöð MAST í Hafnarfirði. Eftirlitsverkefni 2023 hefur verið lifandi skelfiskur á smásölumarkaði þar sem kannað var hvort hann kæmi frá viðurkenndum aðilum. Fulltrúi HAUST í matvælahópnum er Elínborg Sædís Pálsdóttir.



7 HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2023

Fyrirtæki á hollustuháttasviði á eftirlitsskrá HAUST voru 641 í árslok 2023. Lítilsháttar fækkun á fyrirtækjum í hollustuháttaeftirliti sem staðið hefur undanfarin ár heldur áfram. Skiptingu atvinnugreinaflokka má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin fjögur ár.


Tafla 5. Skipting fyrirtækja á hollustuháttasviði árin 2019- 2023.

Flokkur	2019	2020	2021	2022	2023
Sala á gistingu	310	306	288	278	275
Samkomustaðir	87	79	78	77	77
Skólar og menntastofnanir	61	60	59	60	60
Íþróttastaða	60	62	61	60	60
Snyrtistofur	35	37	39	34	34
Heilbrigðisþjónusta	32	32	34	34	34
Leiksvæði	71	67	69	66	64
Hestaleigur	9	9	9	9	8
Annað	31	31	32	27	29
Alls	696	683	669	645	641

7.1 Gististaðir

Á sviði hollustuhátta eru gististaðir stærsti fyrirtækjaflokkurinn. Í lok árs 2023 voru 275 gististaðir með starfsleyfi á starfssvæði HAUST.

Sú mikla fækkun sem varð á minni gististöðum í kjölfar breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um mitt ár 2017, virðist vera að ná jafnvægi. Við breytingarnar féll út starfsleyfisskylda heimagistingar sem varð þess í stað skráningarskyld hjá Sýslumanninum í Reykjavík.



Mynd 12. Fjöldi gististaða með starfsleyfi hjá HAUST




7.2 Skipaskoðanir

Í samræmi við kröfur alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (AHR) þurfa öll skip í millilandasiglingum sem koma að landi á Íslandi að hafa gilt sóttvarnaundanþáguvottorð, ekki eldra en 6 mánaða. Heilbrigðisfulltrúar skoða skipin og staðfesta með útgáfu vottorðs að ekkert sé í þeim sem gæti ógnað lýðheilsu. Leiði skoðun um borð í skipi í ljós frávik er gefið út sóttvarnavottorð þar sem fram koma þær kröfur sem þarf að uppfylla um borð til að hægt sé að gefa út sóttvarnarundanþáguvottorð og skipið geti þar með siglt óhindrað á milli landa.

HAUST gaf út fjögur sóttvarnarundanþáguvottorð árið 2023 í tveimur höfnum, Mjóeyrarhöfn við Reyðarfjörð og Norðfjarðarhöfn. Undanfarin þrjú ár hafa skipaskoðanir verið þrjár á ári.

7.3 Sund- og baðstaðir

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með að farið sé að ákvæðum reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni og ákvæðum í starfsleyfi. Eftirlit með sund- og baðstöðum felur í sér eftirlit með aðbúnaði, öryggismálum, heilnæmi baðvatns og öryggi gesta. Í reglubundnu eftirliti með sund- og baðstöðum, þ.m.t. náttúrulegar, eru tekin baðvatnssýni. Alls voru tekin 53 baðvatnssýni á árinu, að meðtöldum sýnum úr köldum körum við sund- og baðstaði. Af þeim sýnum sem tekin voru, stóðust 87% sýnanna ákvæði reglugerðar nr. 814/2010. Flest sýnanna sem ekki stóðust gæðakröfur voru tekin í baðhúsum sem rekin eru í tengslum við gististaði og í köldum körum.



Mynd 13. Niðurstöður sýnatöku á baðvatni undanfarinna fimm ára.

Á starfssvæði HAUST eru tvær laugar sem falla undir reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni, önnur flokkast í 1. flokk en hin í 2. flokk. Sem fyrr stóðust öll þau sýni sem tekin voru úr náttúrulegum ákvæði reglugerðar nr. 460/2015. Kallað hefur verið eftir endurskoðun á reglugerð nr. 460/2015 þar sem meðal annars hefur verið bent á ágalla varðandi heilnæmi og nýtingu vatnsins sem og skort á reglugerðarákvæðum er varða öryggismál.



7.4 Hollustuháttahópur

Samstarfshópur Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga á sviði hollustuhátta hefur tekið nokkrum breytingum að undanfögnu. Unnið er að því að gera starf hópsins skilvirkara og markvissara. Einn af þeim þáttum er að skoða hvernig skrásetja megi ákvarðanir sem teknar eru á fundunum með tilliti til samræmingar eftirlitsaðila. Í byrjun árs voru gerðar tilraunir með þematengda fundi. Þau þemu sem meðal annars voru tekin fyrir á fundum hópsins voru innloft, öryggi á baðstöðum og leikvellir. Á haustmánuðum var settur á laggirnar samstarfshópur um samræmingaráætlun fyrir hollustuhætti og lágu reglubundnir fundir hópsins niðri á meðan.

Fulltrúi HAUST í hollustuháttahópnum er Lára Guðmundsdóttir.



Mynd 14. Seyrugryfja, mynd úr eftirliti.



8 MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2023

Gerð er krafa um að útgefandi starfsleyfis vinni drög að starfsleyfi fyrir starfsemi sem er starfsleyfisskyld skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og auglýsi opinberlega á vefsíðu sinni í fjórar vikur. Að því loknu hefur útgefandi starfsleyfis fjórar vikur til að taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Tilkynna skal um afgreiðslu bæði til umsækjanda og þeirra sem hafa gert athugasemdir við starfsleyfisdrögin. Útgefanda starfsleyfa ber skv. rg. nr. 550/2018 að birta upplýsingar um umsóknir og útgefin starfsleyfi auk áður nefndrar tillögu að starfsleyfi. Meðal þeirra fyrirtækja sem falla undir þessa reglugerð eru snyrtivöruframleiðslur, gleriðnaður og speglagerð, trésmíðaverkstæði, bifreiðaverkstæði og vöruflutningamiðstöðvar. Árið 2023 fengu 15 fyrirtæki starfsleyfi skv. rg. nr. 550/2018 og má nálgast öll starfsleyfi sem gefin hafa verið út skv. reglugerðinni á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins www.haust.is

Á eftirlitsskrá HAUST í árslok 2023 voru 341 starfsstöð á mengunarvarnarsviði. Skiptingu starfsstöðvanna má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.

Tafla 6. Sundurliðun á fyrirtækjum á mengunarvarnarsviði.

Flokkur	2019	2020	2021	2022	2023
Þjónusta við bíla og tæki	119	120	117	118	116
Meðferð úrgangs	80	75	79	84	86
Matvælavinnsla	40	39	42	36	32
Virkjanir, spennistöðvar o.þ.h.	28	29	29	29	29
Jarðefnavinnsla	13	14	16	16	19
Þauleldi	1	1	1	0	0
Trésmíðaverkstæði	13	14	14	14	12
Verslanir og vörugeymslur	6	5	5	6	5
Þvottahús og efnalaugar	12	11	11	10	8
Annað	27	27	27	39	34
Alls:	339	335	341	352	341

8.1 Umhverfisgæðahópur

Umhverfisgæðahópur er skipaður fulltrúum frá Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Umhverfisstofnun hefur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir það hlutverk að stuðla að samræmdu eftirliti á landsvísu. Fulltrúi HAUST í hópnum var Ólöf Vilbergsdóttir. Hópurinn fundaði reglulega yfir vetrartímamann. Meðal verkefna hópsins á árinu var gerð leiðbeininga um losun ferðasalerna. Leiðbeiningarnar eru ætlaðar starfsemi sem tekur á móti salernisúrgangi úr ferðasalernum og eftirlitsaðilum. Kynntar hafa verið helstu breytingar á lögum og reglugerðum sem varða umhverfisgæði. Mikið var rætt um fyrirkomulag samræmdra starfsleyfisskilyrða og starfsskilyrða og vinna er í gangi við að endurskoða þau.



9 LOKAORÐ

Þegar ég hóf fyrst störf hjá Heilbrigðiseftirliti Austurlands sagði Helga Hreinsdóttir þáverandi framkvæmdastjóri HAUST við mig að oft væri ómögulegt vita að hvað vinnudagurinn myndi bera í skauti sér. Það var hverju orði sannara því verkefni heilbrigðiseftirlitsins eru fjölbreytt og krefjandi. Mikilvægt er að leysa þau verkefni sem upp koma á öruggan hátt í góðri samvinnu við eftirlitsþega og aðrar eftirlitsstofnanir. Á árinu hefur verið tíðrætt um markmið með störfum heilbrigðisfulltrúa. Samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er markmið lagana að búa landsmönnum heilnæm lífskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.

Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum var kynnt í lok árs 2023. Starfshópurinn var skipaður af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu í samstarfi við matvælaráðuneytið. Óhætt er að fullyrða að skýrslan hafi sett sitt mark á andrúmsloftið innan HES á árinu, hvort sem var biðin eftir skýrslunni eða niðurstöður skýrslunnar. Í skýrslunni eru lagðar til umfangsmiklar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits. Lagt er til að ábyrgð á eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum færist frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Umhverfisstofnunar og eftirlit með matvælum færist til Matvælastofnunar. Mikilvægt er að sveitarfélögin kynni sér vel hvaða áhrif fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits munu hafa á þau fjölmörgu verkefni sem heilbrigðiseftirlitin sinna fyrir sveitarfélögin. Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) gerðu alvarlegar athugasemdir við skýrslu starfshópsins. Samtökin töldu niðurstöðurnar ekki nægilega vel unnar, rökstuðning vanta, niðurstöður hafi verið byggðar á veikum grunni og að verulegur skortur hafi verið á samráði við hagaðila. Lögð er áhersla á að ríkisstofnanirnar UST og MAST fái meira svigrúm og fjármagn til að sinna lögbundnu samræmingar- og leiðbeiningarhlutverki sínu. Tekið er undir það sjónarmið að nauðsynlegt sé að einfalda regluverkið og endurskoða lagamma en óvíst er hvernig fyrirhugaðar breytingar á eftirlitskerfi muni ná fram þeim breytingum.

Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur sem tók gildi 15. nóvember 2022 hefur reynst þyrnir í augum heilbrigðiseftirlitssvæðanna. Markmið laganna var að bæta viðmót og einfalda aðgengi að stjórnslu og auka skilvirkni með því að taka upp skráningu atvinnurekstrar í rafræna miðlæga gátt. Þessi reglugerð hefur snúist upp í andhverfu sína og óhætt að fullyrða að markmið þessarar reglugerðar um einföldun hefur ekki náðst.

Fram undan eru áhugaverðir mánuðir og ár í heilbrigðiseftirliti og verður áhugavert að fylgjast með hvernig áformum um framtíð eftirlitssvæðanna vindur fram. Ljóst er að eftirlitsverkefnin og þjónusta okkar við nærumhverfið verður óbreytt og vinnudagarnir áfram fjölbreyttir.

Júlí 2024

Lára Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri HAUST